

## Skráning á málum í samþættri þjónustu

Frá og með 1. janúar 2025 mun BOFS kalla eftir eftirfarandi upplýsingum þrisvar á ári. Einn aðili frá hverri heilsugæslustöð safnar saman upplýsingunum (ef tengiliðir eru fleiri en einn) og skilar til Barna- og fjölskyldustofu.

- Fyrstu skil eru **15. maí** fyrir tímabilið 1. janúar – 30. apríl
- Önnur skil eru **15. september** fyrir tímabilið 1. maí – 31. ágúst
- Þriðju skil eru **15. janúar** fyrir tímabilið 1. september – 31. desember

### Upplýsingar sem tengiliðir farsældar í heilsugæslu skrá

1. *Fjöldi mála sem fóru í samþættingu þjónustu hjá tengilið farsældar að beiðni foreldra/barns á tímabilinu (ath. hér er ekki verið að tala um mál sem komu frá öðrum tengilið eða málstjóra farsældar og málið því þegar í samþættingu eða mál sem flyst t.d. frá öðru sveitarfélagi – aðeins um ný mál).*

*1.a Kynjaskipting (drengir, stúlkur, stálp, ófædd börn)*

*1.b Þar af fjöldi barna með erlendan bakgrunn (með erlendum uppruna barna er átt við börn þar sem a.m.k. annað foreldrið er af erlendum uppruna (innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið er erlent).*

2. *Heildarfjöldi mála í samþættri þjónustu (mál í vinnslu) í lok tímabils – óháð því hvenær þau hófust. Hér er átt við 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember.*

3. *Fjöldi mála sem tengiliður farsældar vísaði til málstjóra farsældar á tímabilinu*

	1.	1. a	1. a	1. a	1. a	1. b	2.	3.
	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Ófædd börn	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu við lok tímabils	Fjöldi mála vísað til málstjóra farsældar á tímabilinu
Heilsugæsla								